

GJALDSKRÁ

fyrir gæðamat á æðardúni.

1. gr.

Dúnmatsmenn skulu fá greidda þóknum fyrir gæðamat á æðardúni sem hér segir:
Grunngjald fyrir hverja heimsókn/útkall kr. 3.000.
Auk grunngjalds reiknast kr. 150 fyrir hvert metið kíló af fullhreinsuðum æðardúni.

2. gr.

Þurfi dúnmatsmenn að aka sérstaklega á matsstað, skulu þeim greiddir aksturspeningar í samræmi við auglýsingu nr. 1/2005 frá 25. maí 2005, um akstursgjald ríkisstarfsmanna.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 52/2005 um gæðamat á æðardúni.
Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 2005.

F. h. r.

Hákon Sigurgrímsson.

Atli Már Ingólfsson.